



Karl Magnús Kristjánsson

Eystri Fossá

karl.eystri@gmail.com

s: 8932496

Persónulegar upplýsingar um mig.

Kæru sveitungar! Ég ólst upp á Reynivöllum frá 2ja ára aldri í átta systkina hópi og bjó í Kjósinni þar til ég fór að búa. Við Helga Einarsdóttir, kona mín, fluttum heimili okkar á nýbýli á jörðinni Fossá árið 2010 þar sem frændur hennar bjuggu áður. Við eigum fjögur börn og barnabörnin eru orðin fimm.

Ég er viðskiptafræðingur, cand oecon, frá H.Í. Ég er nýhættur störfum sem rekstrar- og fjármálastjóri hjá Alþingi.

Langt mál væri að telja upp fyrri störf og þátttöku í stjórnnum og ráðum fyrr og nú .

Ég nefni hér reynslu af störfum við sveitarstjórnarmál og skulu þau helstu nefnd hér:

- Fjármálastjóri Kópavogsbæjar í tæp sjö ár.
- Vann að endurskipulagningu stjórnsýslu og sameiningu veitustofnana Akureyrar.
- Var í fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps við fjárþrot hans og tók þátt í samningum um sameiningu Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps í kjölfarið.
- Hefur komið að ráðgjöf til nokkurra sveitarfélaga fyrir ráðuneyti sveitarstjórna og fjármála.

Núverandi trúnaðarstörf fyrir Kjósarhrepp eru:

- Seta í stjórn Kjósarveitna frá stofnun 2015.
- Fyrsti varamaður í hreppsnefnd Kjósarhrepps frá 2014.
- Í ritstjórn Kjósarsögu.
- Í kjörstjórn Kjósarhrepps.

Áhugi minn á málefnum Kjósarhrepps tengist fyrst og fremst áhuga á mannlífi og framfaramálum í sveitinni. Rekstur sveitarsjóðs og stofnana hans hefur mikla þýðingu við að styðja við gott mannlíf.

Kjósverjar hafa lengi borið gæfu til að velja gott, framsýnt og gætið fólk í forystu. Góð fjárhagsstaða gerði hreppnum mögulegt að leggja til mikilvægt hlutafé til Kjósarveitna (KV) í formi borhola og lands. Nú er framkvæmdum við hitaveitu að mestu leyti lokið á aðeins 2ja ára framkvæmdatíma og hún fullfjármögnuð sem er stórkostlegur áfangi. Afrakstur samstillts átaks stjórnar og starfsmanna KV og hreppnefndar. Einnig öflugrar þátttöku eigenda lögheimila og frístundahúsa. Samtímis var lagður grunnur að ljósleiðaravæðingu. Hvor tveggja munu stórbæta lífskjör. Tvær flugur í einu höggi.

Ég hef mikla trú á rekstri Kjósarveitna sem hefur gott veganesti í vandaðri framkvæmd, öflugri fjármögnun og góðri stjórnun. Ófyrirséð áföll geta orðið. Mikilvægt er að hreppurinn verði þá sterkur bakhjarl veitunnar.

Ein frumskylda hreppsins er að tryggja menntun og félagslegt öryggi barna, eldri borgara og öryrkja. Samtímis þarf að gæta ýtrasta aðhalds í rekstri sveitarsjóðs til að styrkja lausafjárstöðu hans enn frekar sem bakhjarls KV. Forgangsráða þarf og lækka rekstrargjöld. Fyrir því vil ég beita mér. Tel að reynsla mín af rekstri og samskiptareynsla muni gera mér kleyft að vinna með nýrri hreppsnefnd að þessum markmiðum.

Kærar kveðjur,

Karl Magnús Kristjánsson